

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/2319*  
*komudagur 20.2.2008*

Reykjavík, 20.02.2008

Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra  
Félagsmálaráðuneytinu,  
Hafnarhúsinu Tryggvagötu  
101 Reykjavík

Sæl Jóhanna,

Ég heiti Andrea Ingimundardóttir, er einstæð móðir 12 ára drengs og á nú von á öðru barni án nokkurrar aðstoðar eða viðveru föður barnsins. Samkvæmt núgildandi lögum mun ég einungis eiga rétt á sex mánuðum í fæðingarorlof og þarf því að taka þrjá mánuði launalaust eða koma barninu í vistun 6 mánaða gömlu. Þrátt fyrir að ég skilji jafnréttisrökin fyrir því að réttur til fæðingarorlofs sé ekki framseljanlegur þá finnst mér réttur barnsins eiga að vera sterkari.

Mér finnst mikilvægt að öll börn, óháð aðstæðum, eigi rétt á því að njóta samvista við foreldri sitt í 9 mánuði. Þannig að ef af einhverjum ástæðum annað foreldrið getur ekki tekið orlof þá sé rétturinn framseljanlegur. Börn velja sér ekki aðstæður til að fæðast inní, en það hlýtur að vera hlutverk þjóðfélagsins að sjá til þess að þau hafi öll sama réttinn. Það er einu sinni svo að það eiga ekki öll börn föður sem getur eða vill sinna barni sínu.

Ég vil í ljósi þessa vekja máls á þörfinni til breytinga á lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000. Um er að ræða breytingu á 8. gr. laganna.


Í 8 gr. núgildandi laga er börnum mismunað eftir aðstæðum, en lög um fæðingar- og foreldraorlof hljóta fyrst og fremst að eiga að taka mið af hagsmunum barnsins. Í lögum er gert ráð fyrir að 3 mánuðir orlofsins séu bundnir hvoru foreldri og þrjú mánuðir séu til frjálstrar ráðstöfunar á milli foreldra. Barn sem af einhverri ástæðu getur ekki bæði notið samvista við föður og móður fær því í mesta lagi sex mánuði með foreldri sínu. Það er því mikilvægt að breyta 8. greininni þannig að rétturinn verði framseljanlegur. Ef annað foreldrið getur ekki nýtt fæðingarorlofsrétt sinn vegna sérstakra aðstæðna geti einstætt foreldri lengt fæðingarorlof sitt um þrjá mánuði til

viðbótar þeim sex mánuðum sem um ræðir í 1. mgr. laganna. Til sérstakra aðstæðna myndu t.d. teljast einstæðar mæður, einstaklingur sem ættleiðir eða tekur barn í varanlegt fóstur, þar þar sem annar aðilinn starfar erlendis og greiðir því ekki tryggingagjald til íslenska ríkisins og konur sem eignast barn með útlendingum sem hafa ekki greitt skatta á Íslandi í sex mánuði fyrir fæðingu barns.

Von mín er sú að breytingar verði gerðar á 8.gr laganna hið fyrsta til að tryggja öllum börnum jafnan rétt. Þannig að ef annað foreldrið getur ekki nýtt fæðingarorlofsrétt sinn vegna sérstakra aðstæðna geti hitt foreldrið lengt fæðingarorlof sitt um þrjá mánuði til viðbótar þeim sex mánuðum sem um ræðir í 1. mgr.

Það hlýtur að vera vilji ykkar stjórnámálanna að leiðrétta þetta og setja hvert einstakt barn í forgang.

Með von um jákvæð viðbrögð og svörun,



Andrea Ingimundardóttir, hjúkrunarfræðingur B.Sc.

Þórðarsveigi 6

113 Reykjavík

Kt. 221171 5199

Sími: 5611909 Gsm: 8247138

[andrea@vistor.is](mailto:andrea@vistor.is)

Afrit sent til: Félags- og tryggingamálanefndar Alþingis, Barnarverndarnefndar Reykjavíkur og umboðsmanns barna,